



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Skotfélag Reykjavíkur.

kt. 600269-2919

Engjavegi 6, 105 R.

vegna skotvalla á Álfsnesi, 162 R.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur barst þann 15.01.2020 umsókn Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi fyrir skotvelli á Álfsnesi, 162 R.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi. Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur, þann 4.2.2020.

Þann 7.4.2020 var starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur framlengt til 11.3.2021 í samræmi við heimild í lögum nr. 7/1998 um framlengingu starfsleyfis á meðan nýtt er í vinnslu, að hámarki í eitt ár.

Þann 19.1.2021 var auglýst tilaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Umsögn skipulagsfulltrúa barst heilbrigðiseftirlitinu þann 1.4.2021 þar sem niðurstaða skipulagsfulltrúa var að hann telji ekkert því til fyrirstöðu skipulagslega að starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur sé framlengt um eitt ár.

Ný umsögn skipulagsfulltrúa barst heilbrigðiseftirlitinu þann 19.1.2021 þar sem niðurstaða skipulagsfulltrúa var að skipulagsfulltrúi mæli ekki með að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskýrðum um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljóta ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðað riftun á tímabundnu starfsleyfi.

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á visktkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vakt með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t hljóðmengunar og opnunartíma.



Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur vegna skotvalla á Álfsnesi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 19.1.2021 var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 15.2.2021. Í tillögunni er gert ráð fyrir að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls bárust 15 athugasemdir á auglýsingatíma. Athugasemdirnar komu frá íbúum Kollafjarðar og Kjalarnes, íbúasamtökum, íbúaráði, Skotfélagi Reykjavíkur og fuglaverndunarsamtökum. Hér á eftir er farið yfir athugasemdir og svör Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) við þeim. Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru athugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn eða skrifuðu undir en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

1.

Ég mótmæli því að starfsleyfi fyrir skotsvæði á Álfsnes sé leyft. Ég er ein af þeim sem elska útivist á Esjunni með börnunum mínum og þessi hávaði sem kemur frá byssunum er ekki manni bjóðandi og á ekki við í þessari útivistarparadís sem er búin að hjálpa mörgum á þessum Covid tímum. Vonandi verður hlustað á okkur en við erum mun fleiri sem viljum þetta burt en þeir sem vilja hafa þetta áfram.

Bestu kveðjur Elísabet Snædís Jónsdóttir

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

2.

Við eigendur að () í landi () höfum margsinnis hringt í lögreglu til að kvarta yfir skotháfaða s.l. 10 ár, hún hefur sjaldnast, sinnt því og oftast en ekki neitað að færa þessar kvartanir til bókar. Greinilegir hagsmunir og vinatengsl jafnt þar, sem og í öllu hinu spilta kerfi Reykjavíkur þar sem vinir og kunningjar í lykil stöðum brjóta bæði lög og reglur eins þeir eigi þarna allt og skattgreiðendur séu til að borga og þeygja. Það hafa því miður ekki margir kynnt sér klæki kerfisins að flækja leiðir til að koma kvörtunum áleiðis. Eðlilega hringja flestir í Lögregluna þegar kvarta þarf um lögbrot. En ef ekkert lagast þá gefst fólk bara upp eins og "klíkan" vill og íbúar í Kollafirði og á Kjalarnesi missa mannréttindi sín, og ekki einu sinni tekið tillit til bænabréfa lítilla barna þarna sem ekki getað sofnað á kvöldin vegna skotháfaða. Við sem eigum () í landi (), höfum ekki getað notið þess dvelja þarna yfir sumartímamann eins og til stóð eftir að skotsvæðið kom, og ekki geta leigt né selt því þetta virkar eins og eignaupptaka. Við mótmælum enn á ný þessu kolölöglegu starfsemi sem hefur þrífist þarna öll þessi ár og krefjumst þess að þessi starfsemi verði flutt burt strax. Ef ekki þá hlýtur næsta vers að vera fara í grimm málaferli, finna sökudólga og dæma þá, því misnotkun á valdi er refsiverð sem og mismunun og óheiðarleiki í starfi. Þeir sem af ásettu ráði gera slíkt og eða láta plata sig til þess eru í djúpum

Birna Smith og Guðmundur Lárusson.



Svar: Allar kvartanir sem berast HER eru skráðar í skjalavistunarkerfi borgarinnar. Undanfarin ár hefur fjöldi kvartana sem borist hafa HER ekki verið mikill í samanburði við það sem sett er fram í athugasemdinni. Þó skal tekið fram að kvartanir sem berast öðrum embættum eru flestum tilfellum ekki áframsendar til HER. HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

3.

Ég vil mótmæla harðlega framlengingunni á leyfi á skotsvæðinu í Álfsnesi.

Virðingarfyllst, Þórunn B. Guðmundsdóttir

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

4.

Við eigum land gegnt skotsvæðinu á Álfsnesi. Engin orð geta lýst þeirri tilfinningu sem við upplifum þar. Nánast stanslaus skotgnýr sem yfirgnæfir allt, öll náttúruhljóð, allt. Að búa við slíkt ofbeldi er mannskemmandi. Nú er ljóst að blýmengun er veruleg og hávaði langt yfir mörkum. Tvær verkfræðistofur með viðurkennd mælitæki hafa mælt hávaða langt yfir leyfilegum mörkum. Dóttir okkar sem býr erlendis dvaldist í húsini okkar, í sóttkví, vegna jarðarfarar í október. Það var gul viðvörðun í marga daga en þrátt fyrir það og hátt stillta tónlist glumdi í skothvellunum innan dyra. Hundinum okkar líður illa við þessar aðstæður og barnabörnin spyrja hvaða hávaði þetta sé. Hvers vegna erum við búin að þola þetta í öll þessi ár? Við höfum verið að vonast til að á okkur yrði hlustað og það hvarlaði ekki að okkur að við stæðum í þessum sporum enn í dag. Augljóst er líka að jarðir á Kjalarnesi eru verðlitlar meðan þessi starfsemi leyfist. Í ljósi niðurstöðu skýrslu um mikla mengun og með lýðheilsu fólks í huga sem dvelja í Kollafirði til lengri eða skemmri tíma þá verður að loka skotsvæðunum strax. Með von um að þessari baráttu ljúki sem fyrst og áralöng þrautseigia fólks skili sér í lífgæðum sem áttu aldrei að vera tekin af okkur.

Helga Rúna Guðafsdóttir og fjölskylda

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

HER framkvæmdi einfalda rannsókn haustið 2020 til að svara 2 spurningum. Annarsvegar hvort notkun blýhagla sé meiri en fram hefur komið áður, hinsvegar hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv. reglugerð 724/2008 um hávaða. Ekki var farið í að rannsaka mengun á annan hátt en að staðfesta tilvist blýhagla og því ekki hægt að nota þessa skýrslu sem staðfestingu á mengun eða magn mengunar. Hvað hávaða varðar þá sýndi þessi stutta rannsókn fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER í sínum tillögum að starfsleyfisskilyrðum bannað að skotið sé eftir klukkan 19:00.

5.



Við, eigendur () a Kjalarnesi, motmælum harðlega að framlengja eigi starfsleyfi till tveggja ára fyrir Skotklubb Reykjavíkur. Það er ekki lift í husinu okkar a sumrin, hvorki uti ne innandyra, vegna skothvella. Það er eins og maður se staddur í stríði, mjög einkennilegt að leyfa þetta herna. Margir sækja í að ganga upp Esjuna, bæði Islendingar og ferðamenn. Það hlytur að vekja mikla furðu að Reykjavíkurborg syni svo litla virðingu fyrir því svæði sem ætlað fyrir upplifun af natturunni og folki til hressingar.

Með kveðju, Helga Sigurðardóttir Kjartan Sigurðsson Sigurborg Sigurðardóttir

Svar: Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma. HER framkvæmdi einfalda rannsókn haustið 2020 meðal annars til þess að svara því hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv reglugerð 724/2008 um hávaða. Þessi stutta rannsókn sýndi fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER í sínum tillögum að starfsleyfisskilyrðum bannað að skotið sé eftir klukkan 19:00.

6.

Komiði sæl, Ég mótmæli harðlega framlengingu á leyfi skotsvæðisins í Álfsnesi. Hljóðmengunin og blýmengunin er ekki bjóðandi fyrir íbúa og dýralíf á svæðinu. Það er gjörsamlega fyrir neðan allar hellur að hunsu í sí og æ kvartanir íbúa á svæðinu.

Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir og fjölskylda

Svar: Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma. HER framkvæmdi einfalda rannsókn haustið 2020 til að svara 2 spurningum. Annarsvegar hvort notkun blýhagla sé meiri en fram hefur komið áður, hinsvegar hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv reglugerð 724/2008 um hávaða. Ekki var farið í að rannsaka mengun á annan hátt en að staðfesta tilvist blýhagla og því ekki hægt að nota þessa skýrslu sem staðfestingu á mengun eða magn mengunar. Hvað hávaða varðar þá sýndi þessi stutta rannsókn fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER í sínum tillögum að starfsleyfisskilyrðum bannað að skotið sé eftir klukkan 19:00.

7.

Athugasemdir vegna tillögu að starfsleysi fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi í auglýsingu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 04.02.2021 segir að heimilt sé að senda athugasemdir og ábendingar við tillögu um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi. Af því tilefni vilja undirrituð koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hávaðamengun

Starfsemi Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi hefur í för með sér mikla og viðvarandi hávaðamengun. Í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er fjallað um mörk fyrir hávaða, en þar segir að í dreifbýli sé leyfilegur hávaði frá hvers konar atvinnustarfsemi ekki yfir Lden 40 dB(A). Undirrituð gera því athugasemd við og mótmæla fyrirhuguðu starfsleyfisskilyrði nr. 3.1, þar sem segir að miða skuli við 50 dB(A). Þess utan vilja undirrituð benda á að hávaðamengun af starfseminni er mun hærri en 50 dB(A) eins og mælingar Trivium ráðgjafar hafa sýnt, en mælingar þeirra hafa borist bæði Heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun.



Í lið 3.4. segir að huga skuli að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða. Það er okkar mat að þetta sé óframkvæmanlegt vegna þess að það er íbúðabyggð í svo að segja allar áttir.

Opnunartími

Í lið 4.1.2 kemur fram að heimilt sé að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma. Tilkynna á viðburði til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila. Þar sem þessir viðburðir trufla fyrst og fremst íbúa þessa svæðis þá óskum við eftir að fá tilkynningu um þá í pósti.

Í lið 4.1.3 segir að heimilt sé að sækja um rýmri skottíma fyrir riffla úr rifflahúsi með hljóðdeyfum að undangenginni hljóðmælingu sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB. Eins og bent var á hér að ofan þá eru mörkin 40 dB í dreifbýli. Það er einnig álit okkar að aldrei eigi að leyfa skotæfingar eftir kl. 19. Þá er og sérstaklega mikilvægt að skotæfingar séu bannaðar á hátíðisdögum þegar flestir eru heima og vilja njóta kyrrðar og friðar.

Skráningar

Í kafla 5. er fjallað um að rekstraraðili hafi eigið eftirlit og haldi skrá um tiltekna þætti. Að okkar mati þarf þessi kafla að innihalda ítarlegri kröfur um skráningu. Á að skrá dagsetningar og klukkan hvað æfingar fara fram. Á sú skráning að vera rafræn, hver á að skrá og hvernig er hægt að tryggja áreiðanleika og réttmæti skráningar. Þessi skráning er grunnurinn að því að hægt sé að hafa bæði innra og ytra eftirlit með starfsemi. Í álit Umhverfis og skipulagssviðs er mælt með að skilyrt verði að svæðið verði vakt með reglubundum hætti af HER eða óháðum aðila m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma. Þetta er að okkar mati grundvallaratriði og þetta skilyrði finnum við ekki í fyrirhuguðu starfsleyfi. Úr því þarf að bæta. Það er ekki fullnægjandi að notendur eða rekstraraðili skrái eingöngu sjálfir hvernig svæðið er notað nema unnt sé að framkvæma það með rafrænum og sjálfvirkum hætti. HER eða óháðir aðilar þurfa að koma að þessu.

Þá vekur einnig athygli að skrá á fjöldi rifflaskota sem innihalda blý en samkvæmt lið 2.1. er notkun blýhagla óheimil.

Tjón af völdum starfseminnar

Í lið 1.9 er fjallað um ábyrgð rekstraraðila á umhverfistjóni. Undirrituð vilja benda á að starfsemin hefur nú þegar valdið tjóni. Þar má nefna tjón íbúa í byggðalaginu og þeirra sem nýta útivistarsvæðin í grenndinni sem stafar af hávaðamengun og tjón á umhverfinu vegna blýmengunar í sjó.

Tímabil

Með tilliti til þess hversu mikil truflun stafar af starfsemiinni leggjum við áherslu á að leyfi verði einungis veitt til eins árs í senn. Í tillögu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að starfsleyfaskilyrðum eru gerðar mikilvægar kröfur til rekstraraðila sem brýnt er að fylgja vel eftir. Þar má t.d. nefna hávaðavarnir í kafla 3. Eðlileg krafa væri að rekstraraðili þyrfti að sýna fram á að hann hafi haft viðeigandi eftirlit og viðhaft viðeigandi ráðstafanir áður en leyfi yrði framlengt um ár til viðbótar. Þá er mjög mikilvægt að ef finnist annað hentugra svæði skuli strax hætta starfsemi á Álfnesi.

Gildissvið

Ef það er afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að framlengja sem einhverju nemur starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur þá verði að tryggja að starfsleyfi annarra skotfélaga á svæðinu (Skotreyn) verði ekki lengd frekar. Undirrituð mæla eindregið með því að leitað verði allra leiða til að fjarlægja starfsemina sem allra fyrst. Starfsemi skotfélaganna á ekki að fá að ganga framar friðhelgi heimila íbúa í nágrenni við svæðið.

(), 12. febrúar 2021

Anja Þórdís Karlsdóttir, Kristbjörn Haraldsson,

Svar: Í reglugerð 724/2008 um hávaða kemur fram við hvað skal miða þegar hávaði er skoðaður en reglugerðin er ekki skrifuð með tilliti til skotsvæða né þeirrar dreifðu byggðar sem er til staðar þar sem hávaðinn er mestur frá skotsvæðunum. Það er mat HER að ekki sé hægt að styðja sig við mörkin sem sett eru fyrir dreifbýli heldur hefur HER valið að styðja sig við þau mörk sem sett eru fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum þó þau séu heldur ekki alveg lýsandi fyrir svæðið. Og eru þá mörkin 50 dBA á dagtíma og 45 dBA á kvöldin.

Þær mælingar sem framkvæmdar hafa verið af Trivium eru ekki samanburðarhæfar við þau mörk sem sett eru fram í reglugerð 724/2008 um hávaða en eru hinsvegar betur miðaðar að skotsvæðum og hægt að



nota þær til að bera saman við sænskar reglugerðir sem eru miðaðar að hávaða frá skotsvæðum. HER getur þó ekki notað sænska staðla í útgáfu starfsleyfis á Íslandi.

Í athugasemdunum er sett fram beiðni um að tilkynningar um skotkeppnir séu sendar í pósti til íbúa. HER sér það sem jákvætt ef íbúar og skotfélag koma sér saman um slíkt fyrirkomulag en það er ekkert sem HER gerir kröfu um í starfsleyfisskilyrðunum.

Sú krafa er sett fram í starfsleyfisskilyrðunum að til þess að grundvöllur fyrir umsókn fyrir lengdu leyfi fyrir riffla þá þarf hávaðinn að vera lægri en 45 dBA, sem dæmi þá eru það sömu hávaðamörk og sett eru í reglugerðinni fyrir umferðarhávaða í frístundabyggð og 10 dBA lægra en fyrir umferðarhávaða við íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum. Ef hávaðamælingar sýnir fram á að hávaðinn frá riffilunum er lægri en 45 dBA, þ.e. innan marka fyrrnefndrar reglugerðar um hávaða er HER ekki stætt á að banna þá starfsemi. HER tekur undir athugasemd um að banna skotæfingar á hátíðisdögum, hefur tekið hana til greina og fært inn í starfsleyfisskilyrðin að skotæfingar séu bannaðar á: aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

Í drögum að starfsleyfisskilyrðum er ekki gert ráð fyrir rafrænni skráningu á starfseminni og sá kostnaður sem það ber með sér er að mati HER ekki réttlætanlegur til þess að sú krafa sé sett fram. Hins vegar er ætlast til þess að rekstraraðilinn sinni þessum skráningum og að þær séu réttar og vel framkvæmdar.

Í starfsleyfisskilyrðunum er sett bann við haglaskotum sem innihalda blý. Við skotæfingar með haglabýssum og leirdúfum dreifast höglín yfir stórt svæði. Hins vegar lendir stór hluti riffilskotanna í mönunum, sem auveldar hreinsun. Að skipta út blýkúlum í riffilum fyrir aðrar tegundir af kúlum sem uppfylla gæða og öryggisskilyrði er vandkvæðum bundið en skilyrði er að nota blýlaus skot þegar því verður við komið en HER hefur bætt því skilyrði við í kjölfar athugasemda. Mikilvægt er þó að halda skrá yfir blýskotin til að hægt sé að gera sér grein fyrir hversu mikið blý safnast í manirnar.

Það skal tekið fram að starfsleyfisskilyrðunum sem nú liggja fyrir er ætlað að fyrirbyggja að mengun haldi áfram að berast í jarðvegen að auki eru sett eru skilyrði um hreinsun svæðisins þegar starfsemin hættir.

HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

HER er sammála því sem sett er fram með jafnræðisregluna að það er mikilvægt að jafnræðis sé gætt í gerð starfsleyfisskilyrða annara keimlíkrar starfsemi á svæðinu.

8.

Varðar auglýsta tillögu að endurnýjun starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi.

Fuglavernd vill koma mótmælum á framfæri um endurnýjun starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur á skotvelli á Álfsnesi. Staðsetning skotsvæðisins er of nálægt sjó. Það eru greinileg ummerki í náttúrunni um mikla notkun blýhagla þrátt fyrir að í núverandi leyfi sé mælt til þess að notuð séu stálskot eða önnur vistvænni skot en blý. Allt bendir til þess að rekstraraðili svæðisins hafi lítinn metnað til að fylgja þessu ákvæði eftir. Blý í blýskotum er þungmálmur og eitruð efni komist það í lífverur. Í Kollafirði er þetta ógn við fugla sem þar búa sérstaklega andfugla sem éta smásteina sem hjálpa þeim að mylja fæðuna í fóarni. Þannig taka þeir inn blýið sem svo drepur þá á hægan og kvalafullan hátt.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmastjóri.

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

Í nýju starfsleyfi er gert ráð fyrir algjört banni á blýhöglum og því ætti álagið frá blýmengun ekki að aukast á svæðinu með áframhaldandi starfsemi. Að auki er sett inn í starfsleyfið ákvæði um hreinsun á svæðinu og



áhrifasvæði starfseminnar við lokun sem ekki hefur verið í starfsleyfinu áður. Um áramótin kom reglugerð um mengaðan jarðveg sem breytir möguleikum HER á að framfylgja hreinsun við lokun starfseminnar. HER hefur leitast eftir umsagnar skipulagsfulltrúa og er það skilningur HER að verið sé að athuga mögulegar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina.

9.

Frá upphafi starfsemi skotæfingasvæðanna á Álfsnesi hefur hávaðamengun truflað íbúa og landeigendur í nágrenni við skotsvæðin. Þrátt fyrir kvartanir um langan tíma og dómsmál hefur engin sjáanlegur vilji borgaryfirvalda verið í þá átt að skapa sátt eða finna lausn á þessu máli. Í ein 6 ár hafa íbúar og landeigendur beðið þess með mikilli þolinmæði að staðið yrði við loforð sem hvíslað var í eyru þeirra þess efnis að skotæfingasvæðin yrðu flutt.

Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja eða áhuga til sáttar. Nýleg skýrsla HER um hljóðmælingar í nágrenni skotæfingasvæðanna er heldur ekki til að bera klæði á vopnin. Mikill munur er á niðurstöðum hljóðmælinga HER annarsvegar og á niðurstöðu mælinga verkfræðistofunnar Trivium sem var framkvæmd 19.10.2019 þegar skotæfingar stóðu yfir. Við hljóðmælingar HER, þann 15 sept 2020, virðist sem lítil eða engin starfsemi hafa verið á æfingasvæðunum, heldur einungis verið skotið af skyttu á vegum skotfélags eftir pöntunum, engar upplýsingar um haglabyssu, skotin né eftirlit með framkvæmd skyttunnar. Ekki er heldur tilgreint hver vindáttin var, einungis að vindur hafi verið undir 5 m/s. Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling á hljóðmæli að endurspegla það með l stillingu annars mælist toppur hljóðsins ekki. Í ljósi þessa óvissuþátta sem koma fram krefjumst við þess að fenginn verði óháður aðili til að meta með HER og verkfræðistofunni Trivium þennan mikla mun sem er á þeirra mælingum og hverskonar hljóðmælingar gefa raunverulega mynd af hljóðmenguninni sem íbúar og landeigendur eru ósáttir við og leggja fram greinargerð um matið.

Einnig höfnum við með öllu að nokkurt starfsleyfi verði gefið út fyrir skotæfingasvæðin á Álfsnesi vegna þessara óvissuþátta. Svör þurfa að koma fyrst og áætlun um flutning starfsemi vallanna á tilgreint svæði þar sem sátt geti ríkt. Í framhaldi af því metið upp á nýtt innihald og tímalengd bráðabirgðastarfsleyfa í samstarfi og sátt við heimamenn, svona einu sinni til tilbreytinga.

Virðingarfyllst Guðni Ársæll Indriðason Formaður Íbúasamtaka Kjalarness

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

HER leitaði eftir umsögn Skipulagsfulltrúa og eins og kemur fram í þeirri umsögn stendur yfir vinna við að skoða mögulega aðra staði fyrir starfseminni. Að þeim sökum lagðist skipulagsfulltrúi gegn því að gefið yrði út lengra starfsleyfi en til tveggja ára.

Í reglugerð 724/2008 um hávaða kemur fram við hvað skal miða þegar hávaði er skoðaður. Reglugerðin er ekki skrifuð með tilliti til skotsvæða. Þær mælingar sem framkvæmdar hafa verið af Trivium eru ekki samanburðarhæfar við þau mörk sem sett eru fram í reglugerð 724/2008 um hávaða en eru hinsvegar betur miðaðar að skotsvæðum og hægt að nota þær til að berasaman við sænskar ráðleggingar sem eru miðaðar að hávaða frá skotsvæðum. HER getur þó ekki notað sænska staðla í útgáfu starfsleyfis á Íslandi.

10.

Við íbúar og landeigendur í Kollafirði munum aldrei sætta okkur við framlengingu á starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur til 2 ára á Álfsnesi. Það er enginn skilningur hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur hvað þessi skotfélög hafa gert íbúum og landeigendum, margir hafa flúið og flutt, nokkur hús eru kominn í eyði, Reykjavíkurborg hefur þurft að kaupa eignir fólks, sem geta ekki búið þar lengur og lagt á kvaðir að ekki megi kvarta undan hávaðmengun frá skotsvæðunum. Fuglalíf hefur gjörbreyst og skertur möguleika á útivist, og með alla þá blýmengun í fjörunni og sjónum er náttúrunni og dýralífi ógnað. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er hreinlega ekki starfi sínu vaxið, vinnubrögðin og eftirlitið er fyrir neðan allar hellur, hrokinn, þöggun og lýgi ætlan engan endi að taka, og ekki virðast þau skilja að



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurbúa á ekki að snúast um pólutík. Þau fela sig á bakvið skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, eða regluverk sem þau vita vel að sýna falskar mælingar. Mæliaðferðin Metod för immisionsmátning av externt industribuller hafa þau notað síðan 2003 þessi mæliaðferð er ekki hægt að nota og gefa falskar niðurstöður og er hvergi notað í heiminum til að mæla hljóðmengun frá skotvöllum. Árný Sigurðardóttir sagði okkur 2019 að sama sem ekkert blý er notað, engin skot lenda utan skotsvæðana og hljóðmælingar hafa verið gerðir eftir viðurkenndum stöðlum til mælinga frá skotsvæðum. Þetta er allt lýgi.

Skotsvæðin á Álfsnesi hefðu aldrei fengið úthlutað starfsleyfi frá byrjun, ef HER myndi vinna sína vinnu á heiðarlegan hátt, af hverju nefna þau ekki í skýrslu sinni að hljóð mælingarnar sem þau hafa framkvæmt mæla ekki hávaðann sem kemur frá skotvöllum en viðurkenna það á fundi íbúaráðs Kjalarnes eftir að skýrslan er komin út, og hvernig geta þau gefið starfsleyfi vitandi þess að hljóðmengunin er langt yfir leyfilegum mörkum sem var mælt af Trivium eftir réttum reglugerðum 933/1999 um hávaðamengun frá skotvöllum. Sem öll hin Norðurlöndin nota, fróðlegt væri að vita af hverju þeirri reglugerð var hent út og af hverjum, í staðinn var sett reglugerð sem mælir ekki hávaðann frá Skotsvæðunum. Af hverju gerðu þau ekki athuganir niður í fjöru og sjó utan skotsvæðanna þar sem flest öll blýhöglin liggja og er alvarlegasti þátturinn hvað varðar blýmengunina, en viðurkenna í skýrslunni að blýhöglin lendi þar. Af hverju framfylgdi HER ekki reglugerð um starfsleyfisskilyrði fyrir skotvelli 2.1.2. Þar sem á fimm ára fresti skal í samráði við HER mæla hversu djúpt þungamálmamengun frá skotum hefur borist. Af hverju tekur HER þátt í lýgi með Skotfélagi Reykjavíkur þegar einn íbúi hringdi 2019 og kvartaði undan því að ítrekað væri verið að skjóta utan opnunartíma og hann væri með sannanir á símanum sínum hverjir það voru, þá fær hin sami íbúi hringingu seinna um daginn frá HER þar sem honum er sagt að einhverjir nýir félagar hafa farið þarna inn í óleyfi og skotið utan opnunartíma. Svæðið er læst með keðju og lás á stóru stálhliði, einnig sýnir video um var að ræða Gunnar Sigurðsson leiðbeinandi Skotfélags Reykjavíkur. Af hverju var þetta atvik ekki rannsakað hlutlaust í stað þess að taka þátt í lýginni með (SR) án þess að kanna málið frekar. Þó það standi í starfsleyfisskilyrði 6.2 brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu. Af hverju voru ekki teknar hljóðmælingar 2020 hjá fristundarhúsum eins og vaninn var, þau eru með sameiginlegar veitur, sameiginlegan veg, eiga þau ekki þann rétt að vera vernduð frá mengun, hús sem voru byggð 1945. Hvernig getið þið sagt að þið hafið stýtt opnunartíma þegar þið leyfið opnun til 10 á kvöldin á rífflabrautinni vitandi að þeir hafa ítrekað brotið reglur. Allir hér vita að þeir munu nota þessa opnun til þess að halda áfram eins og frá var horfið. Hvernig getur Kristín Þorsteinsdóttir + ykkar skýrsla sagt að flest öll höglin lenda á möninni fyrir framan haglavellina þegar allir vita, sem þangað hafa komið, að sama sem enginn högl geta lent á möninni þar sem leirskífurnar eru skotnar úr litlu húsi í boga sem fer 5+ metra yfir mönina. Og hvernig komst HER að þessari niðurstöðu þegar engar mælingar á blýi fóru fram fyrir framan mönina. Guðmundur kr Gíslason hjá SR hefur margoft sagt okkur að þessar manir þjóni engum tilgangi hvorki til að taka við blýi né til þess að lækka hljóðmengunina. Þar sem þessi mön nær valla yfir höfuð þeirra sem eru að skjóta. Hans orð eru, “að það er á ábyrgð Reykjavíkurborgar en ekki þeirra”. Þetta er allt sýndarleikur eða svo skammarlega óöguð og léleg vinnubrögð hjá ykkur, að manni bláskrar. Skaðinn sem HER hefur gert náttúrunni og núverandi og fyrrverandi íbúum með sínum vinnubrögðum er óafturkræfur.

Rósa Magnúsdóttir segir að sama sem engar kvartanir hafa borist síðustu árin. Hvernig getur hún búist við því að fólk sem hefur fylgst með ykkar vinnubrögð í gegnum árin, þar sem ekkert er tekið mark á kvörtunum og HER lýgur stanslaust um alla hluti eins og nefnt er hér að ofan, og lætur allt eftir SR. Fólk hér í Kollafirði hefur enga trú á Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og hefur um langt skeið, snúið sínum kvörtunum annað, t.d. til lögreglu (sem neitar að skrá kvartanir við flest tilfelli) og borgarfulltrúa. Það er eins og þið skiljið ekki að þessi hávaði þá sérstaklega yfir sumartímann er stanslaus, linnulaus til 10 á kvöldin. Við erum búin að útskýra þetta fyrir ykkur í meira en 10 ár. Eigum við að senda ykkur alltaf sömu kvörtunina alla daga. Þegar við vitum að þið hlustið ekkert á okkur. Haldið þið virkilega að þetta heyrist svona af og til, og stundum er smá ónæði út frá þessu. Ef svo er, þá er greinilegt algjört skilningsleysi frá ykkar hálfu hvað er að gerast hjá okkur í Kollafirðinum.

Við íbúar og landeigendur í Kollafirði krefjumst þess að ekki verði gefið út starfsleyfi til Skotfélags Reykjavíkur til tveggja ára þar sem ekki er hægt að nota mæliaðferðina Metod för immisionsmátning av externt industribuller til að fá réttar mælingar um hávaðamengun sem kemur frá skotsvæðunum. Þið getið ekki gefið út starfsleyfi út frá röngum niðurstöðum sem Guðjón Eggertsson er búinn að viðurkenna að mæla ekki toppana (peak) frá skothvellunum, sem er öll hljóðmengunin. Við erum með bréf frá öllum Norðurlöndunum þar sem kemur fram að ekki er hægt að nota þessa aðferð.



Einnig krefjumst við að farið verði strax í að mæla hversu djúpt þungamálmamengun hefur borist í jarðveginn samkvæmt reglugerð um mengun í jarðvegi sem tók gildi 15.01.2001. Og að athugun verði gerð um blýmengun í fjörunni og sjónum og að það komi fram hvernig þeir ætla sér að hreinsa fjöruna og sjóinn af blýi. Þar sem HER sagði í pósti til SR 2007 að væri óhreinsalegt ef blýin lendi þar. Og var það ástæðan afhverju þeir fengu ekki starfsleyfi á sínum tíma.

Spurningar –

- 1) Hvernig fenguð þið það út að mönin fyrir framan haglavelli SR taki við öllum höglunum eins og stendur í ykkar skýrslu og Hún Kristín Þorsteinsdóttir nefndi á fundi íbúaráðs Kjalarnes?*
- 2) Af hverju var ekki gerð rannsókn á meintu broti SR þegar íbúi hringdi til ykkar og kvartaði að verið var að skjóta utan opnunartíma?*
- 3) Af hverju fóru þið ekki niður í fjöru og sjó sem er utan skotsvæðana og gerðu athugun á blýmengun, vitandi að skotin lendi þar?*
- 4) Af hverju er hvergi á það minnst í ykkar skýrslu að þessi mæliaðferð Metod för immisionsmátning av externt industribuller er ekki hægt að nota til mælinga á skotvöllum og sýna rangar niðurstöður?*
- 5) Af hverju var þessum mæliaðferðum breytt 2008 og hafið þið tilkynnt Umhverfisstofnun að þessar mæliaðferðir er ekki hægt að nota til mælinga á skotvöllum?*

Margir íbúar vissu ekkert um þessa starfsleyfis-umsókn til tveggja ára. Og er þetta fólk sem hefur þurft að þola þessa mengun í mörg herrans ár sum alveg frá byrjun. Þetta bréf er skrifað í samvinnu við íbúa sem eru komnir með nóg og geta ekki búið við þetta lengur. Það eru ansi margir sem hyggjast flytja ef starfsleyfið verður gefið út á nýju.

Undirskriftalisti er hér að neðan við. Einnig myndir sem gæti upplýst ykkur aðeins meira um raunveruleikann.

Anja Þ. Karlsdóttir, Kristbjörn Haraldsson, Birna Smith, Guðmundur Lárusson, Helga Rúna Gústafsdóttir, Hrefna Stefánsdóttir, Birna Stefánsdóttir, Stefán Örn Hauksson, Helga Sigurðardóttir, Pétur Jökull Hákonarson, Perla María Jónsdóttir, Þorgjörg Gígja, Ottó B Ólafsson, Atli Guðlaugsson, Sigurbjörg Sigurðardóttir, Ágúst Sigðurðsson.

Svar:

1. Það svar sem Kristín Þorsteinsdóttir gaf á fundi íbúaráðs Kjalarness þann 11. febrúar 2020 á eingöngu við mönina á rifillvellingum og ekki við manirnar á haglabyssuvöllum. Verið var að ræða af hverju blý skot eru leyfð á meðan blýhögl eru bönnuð og svarið var að stærstur hluti blýskota úr rifflunum endar í möninni. Ekki var verið að ræða um haglabyssuvellina.
2. Svarið er m.a. að finna í bréfinu ykkar: „einhverjir nýjrir félagar hafa farið þarna inn í óleyfi og skotið utan opnunartíma“. Að auki hefur samskonar kvörtun ekki borist eftir þetta atvik og skv. þeim upplýsingum sem HER hefur aflað sér hefur þetta ekki komið upp aftur eftir þetta atvik og telst málinu því lokið.
3. Rannsóknin sem HER framkvæmdi haustið 2020 var ekki ætluð sem nákvæm rannsókn á magni, stærð eða útbreiðslu mengunar. Einungis var ætlunin að staðfesta þá kenningu og upplýsingar sem fengist hafa frá íbúum Kollafjarðar um að blý hafi dreyft sér út fyrir svæðið. Niðurstaðan sýndi að svo var.
4. Hávaða mælingin sem framkvæmd var af HER haustið 2020 var framkvæmd til að hafa samanburð við gildandi reglugerð um hávaða. Mælingin er framkvæmd samkvæmt þeim stöðlum sem þarf til að hún sé samanburðarhæf við þá reglugerð.
5. Mæliaðferðir sem HER notar eru í samræmi við gildandi reglugerðir á hverjum tíma. Reglugerðir eru settar af ráðuneyti, í þessu tilviki er það umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem gefur út reglugerð um hávaða. HER er kunnugt um að unnið er að endurskoðun á núgildandi reglugerð um hávaða.

11.

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 11. febrúar 2021 um tillögu að starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur vegna skotvalla á Álfsnesi.

Frá upphafi starfsemi skotæfingasvæðanna á Álfsnesi hefur hávaðamengun truflað íbúa og landeigendur í nágrenni við skotsvæðin. Þrátt fyrir kvartanir um langan tíma og dómsmál hefur engin sjáanlegur vilji borgaryfirvalda verið í þá átt að skapa sátt eða finna lausn á þessu máli. Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja til sáttar.



Nýleg skýrsla HER um hljóðmælingar í nágrenni skotæfingasvæðanna er heldur ekki til að bera klæði á vopnin. Mikill munur er á niðurstöðum hljóðmælinga HER annarsvegar og á niðurstöðu mælinga verkfræðistofunnar Trivium sem var framkvæmd 19.10.2019 þegar skotæfingar stóðu yfir. Umræddar mælingar Trivium fékk íbúaráð Kjalarness sendar með erindi íbúa sem er í fylgiskjali með þessari umsögn. Við hljóðmælingar HER, þann 15. sept. 2020, virðist sem lítil eða engin starfsemi hafa verið á æfingasvæðunum, heldur einungis verið skotið af skyttu á vegum skotfélags eftir pöntunum, engar upplýsingar um haglabyssu, skotin né eftirlit með framkvæmd skyttunnar. Ekki er heldur tilgreint hver vindáttin var, einungis að vindur hafi verið undir 5 m/s.

Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling á hljóðmæli að endurspegla það með l stillingu annars mælist toppur hljóðsins ekki.

Í ljósi þessa óvissupátta sem koma fram krefjumst við þess að fenginn verði óháður aðili til að meta með HER og verkfræðistofunni Trivium þennan mikla mun sem er á þeirra mælingum.

Einnig höfnum við með öllu að nokkurt starfsleyfi verði gefið út fyrir skotæfingasvæðin á Álfsnesi vegna þessara óvissupátta. Svör þurfa að koma fyrst og áætlun um flutning starfsemi vallanna á tilgreint svæði þar sem sátt geti ríkt.

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

HER framkvæmdi einfalda rannsókn haustið 2020 til að svara 2 spurningum. Annarsvegar hvort notkun blýhagla sé meiri en fram hefur komið áður, hinsvegar hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv reglugerð 724/2008 um hávaða. Ekki var farið í að rannsaka mengun á annan hátt en að staðfesta tilvist blýhagla og því ekki hægt að nota þessa skýrslu sem staðfestingu á mengun eða magn mengunar. Hvað hávaða varðar þá sýndi þessi stutta rannsókn fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER í sínum tillögum að starfsleyfisskilyrðum bannað að skotið sé eftir klukkan 19:00. Að mati HER er ekki þörf á að fá óháð mat til að meta mun niðurstaðna sem fram komu hjá Trivium og HER þar sem um tvær mjög ólíkar mælingar er að ræða og þær á engan hátt samanburðarhæfar.

Í reglugerð 724/2008 um hávaða kemur fram við hvað skal miða þegar hávaði er skoðaður. Reglugerðin er ekki skrifuð með tilliti til skotsvæða. Þær mælingar sem framkvæmdar hafa verið af Trivium eru ekki samanburðarhæfar við þau mörk sem sett eru fram í reglugerð 724/2008 um hávaða en eru hinsvegar betur miðaðar að skotsvæðum og hægt að nota þær til að berasaman við sænskar ráðleggingar sem eru miðaðar að hávaða frá skotsvæðum. HER getur þó ekki notað sænska staðla í útgáfu starfsleyfis á Íslandi.

12.

Blýmengun – Álfsnes

Út frá skýrslum Skotfélaganna og Heilbrigðiseftirlitsins er hægt að áætla að í kringum 40 tonn af blýi liggi í og við fjöruna á Álfsnesi.

Það sem okkur finnst alvarlegast og veldur okkur miklum áhyggjum er sú blýmengun í fjörunni og sjónum á Álfsnesi utan skotsvæðanna sem er mikilvæg sjófuglabyggð í Kollafirði. Þar eru varpstöðvar í klettabjörgum, fuglar leita þangað inn í leit að æti og skjóls þegar illa viðrar. Einnig er mikið lífríki í fjöru á grunnsævi og hafsbótningum.

Hvergi er minnst á blýmengun í sjónum og fjörunni í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, hvað þá hvernig skuli fjarlægja alla þá blýmengun sem þar er eftir 14 ára viðveru Skotfélaganna á Álfsnesi. Evrópusambandið áætlar að um ein milljón fugla deyja ár hvert af blýeitrun þegar þeir ruglast á blýhöglum og litlum steinum sem þeir borða til að laga meltinguna.

Það er grafalvarlegt mál að svona mikil blýmengun er komin upp við votlendi í Kollafirði sem er heimili ótal fugla sem margar eru í útrýmingarhættu. Lundey er 3 km og Þerney rúmlega 1 km í burtu frá þessu mengandi svæði. Þetta eru ein af mikilvægustu sjófuglabyggðum í kringum Reykjavík.



Við teljum mikilvægt að það verði strax farið í að mæla hversu djúpt þungmálmamengun hefur borist í jarðveginn frá Skotsvæðunum á Álfsnesi, einnig reynt að finna leið til að hreinsa alla þá blýmengun í fjörunni og sjónum eins og reglugerðir segja til um þegar blýmengun er annars vegar. Heilbrigðiseftirlitið vill endurnýja starfsleyfið áður en þær mælingar fara fram, sem er misræmi við reglugerðir er varða þungmálmamengun í jarðvegi. Aldrei hefur verið mælt hversu djúpt þungmálmamengun frá skotunum hefur borist á Álfsnesi en samkvæmt reglugerð 2.1.2. Um Mengunarvarnir, á það að vera gert á 5 ára fresti. Samkvæmt nýrri reglugerð um mengun í jarðvegi 15.01. 2021 er ekkert sem kemur í veg fyrir að sú framkvæmd ætti að fara fram sem allra fyrst. Mjög mikilvægt er að vita sem allra fyrst, hversu alvarleg blý jarðvegsmengun er á Álfsnesi áður en starfsleyfi þeirra verði endurnýjað.

Guðmundur Lárusson

Svar: Ransóknin sem HER framkvæmdi haustið 2020 var ekki ætluð sem nákvæm ransókn á magni, stærð eða útbreiðslu mengunar. Einungis var ætlunin að staðfesta þá kenningu og upplýsingar sem fengist hafa frá íbúum Kollafjarðar um að blý hafi dreyft sér út fyrir svæðið. Niðurstaðan sýndi að svo var. Í tillögum að nýjum starfsleyfisskilyrðum eru settar fram kröfur á hreinsun svæðisins við lokun eða flutning starfseminnar. Í þessum sömu starfsleyfisskilyrðum er einnig sett fram krafa um að innan 6 mánaða frá gildistöku starfsleyfisins að það sé framkvæmd rannsókn á þungmálmamengun. Þessa rannsókn skal síðan gera á 5 ára fresti.

HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

13.

Mengun frá Skotsvæðum á Álfsnesi

Hljóðmælingar

Nú er komið í ljós að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur framkvæmt rangar hljóðmælingar með röngum mæliaðferðum í 14 ár frá skotsvæðunum á Álfsnesi. Þar sem ekkert regluverk er til um hávaðamælingar frá skotsvæðum á Íslandi hefur HER notast við sænsku aðferðina - Metod för immisionsmátning av externt industribuller - þetta er mæliaðferð sem notuð er til að mæla hávaða frá atvinnustarfsemi en ekki frá skotvöllum. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að nota þessa aðferð fyrir skotvelli er sá að hávaðinn eða skothvellirnir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling á hljóðmæli að endurspegla það með l stillingu (Impuls, 35 ms mælitími) síðan dettur hljóðið í dauða þögn inn á milli skota - Mæliaðferðin sem HER hefur notast við - Metod för immisionsmátning av externt industribuller þá eru mælarnir stilltir þannig að þessi snörpu toppar "peak" skothvellir detta út (mælast ekki) þar sem þessi mæliaðferð og stilling mæla er til að mæla viðvarandi hljóð en ekki toppa (peak) og eru stilltir þannig að topparnir detta út - og þegar þú ert að mæla hávaða frá skothvillum þá ertu einungis að mæla toppa.

Svo það er ekki hægt að mæla skothvelli með - Metod för immisionsmátning av externt industribuller - þær mælingar gefa falskar niðurstöður um hávaðamengun frá skotsvæðunum. Ekkert af Norðurlöndunum notast við þessar mælingar til að mæla hávaðamengun frá skotvöllum - því það er einfaldlega ekki hægt. HER bendir á Umhverfisstofnun sem segir að þetta séu virtar mæliaðferðir frá Svíþjóð en hafa ekki svarað spurningum okkar - og eru lögmenn okkar enn að bíða eftir svari.

Talandi um Svíþjóð sem Umhverfisstofnun vitnar í, þá erum við með formlegt bréf frá "Senior Scientific Officer" Henrik Larsson frá Sænska Umhverfis verndarstofnunin Svíþjóðar sem heyrir undir sænska Umhverfisráðuneytið sem útskýrir á sama hátt og Ólafur hjá Trivium afhverju það er ekki hægt að nota þessa aðferð - þeir nota aðferðina "Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor, NFS 2005:15." Sem er sama aðferð og Ólafur Hjálmarsson hjá Trivium ráðgjöf notaði til að mæla hávaðamengunina sem kemur frá Skotsvæðunum á Álfsnesi 2019.

Þær mælingar sýndu fram á að nokkur hús í landi Móa hinum megin við fjörðinn beint á móti Skotsvæðunum á Álfsnesi hafa búið við heilsuspillandi hávaða við og yfir 85db í 14 ár. Þetta útskýrir af



hverju fólk hefur þurft að flytja vegna hávaða, Reykjavíkurborg að kaupa eignir fólks sem getur ekki lengur búið á þessu svæði og selt þær með kvöðum að ekki megi kvarta vegna hávaða frá skotvöllum á Álfsnesi. Einnig hafa þeir sem búa eða eiga eignir og jarðir í landi Móa, ekki getað nýtt, leigt né selt eignir sínar síðustu 14 ár vegna hávaðamengunar. Það er nú ekki langt síðan að ung móðir sem býr á skriðu undir Esjunni kom fram í fjölmiðlum og sagðist ekki geta svæft dóttur sína á sumarkvöldum vegna hávaða frá skotvöllum. Ég persónulega var með 2 vinnumenn sem neituðu að vinna fyrir mig eftir tvo daga í landi Móa vegna hávaðamengunar. Ég og mín fjölskylda höfum ekki getað nýtt eign okkar í 14 ár og erum við svo sannarlega ekki ein um það.

Öll þessi hávaða mengun - sem sumir hafa þurft að þola yfir heilsuspillandi mörk í 14 ár vegna lélegra vinnubragða? Mistaka? Hver sem ástæðan er, þá er ekki hægt að fela sig á bakvið að það vanti regluverk eða benda á aðrar stofnanir.

Ég stórefast um að ef íbúar væru að drekka heilsuspillandi blýmengað vatn heima hjá sér í Reykjavík og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mundi segja að það er ekkert að vatninu, við erum búinn að mæla það með Sænskri mæliaðferð. sem er kolröng mæliaðferð og enginn notar - og þó svo margir hafa bent okkur á að sú aðferð er röng þá leggjum við til að Reykjavíkurborg kaupi út það fólk sem er að veikjast og leggji kvaðir á húsin að ekki megi kvarta undan blýmengun vatns. Það er nákvæmlega það sem hefur viðgengst vegna hávaðamengunar frá Skotsvæðunum, og nú á að gefa þeim starfsleyfi til tveggja ára. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á ekki að bíða eftir því hvað Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík skipi þeim að gera - heldur á HER að þjóna borgarbúum og bregðast rétt við þegar það kemur að mengun - hvað þá heilsuspillandi mengun í 14 ár.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur segir Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á frístundabyggð svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Krummuvík í landi Móa byggt 1945 og Móavík eru skilgreind sem sumarhús. Og eru þau tengt veitum og hafa sameiginlegan veg og njóta réttar eins og hver önnur sumarhús hvað varðar reglugerðir um mengunir. HER tók hljóðmælingar 2003 og 2009 við þau sumarhús en gerir það ekki nú. Við krefjumst þess að þessar falsmælingar sem HER hefur notast við síðustu 14 ár verði dæmdar ógildar og að mælingar Trivium sem voru framkvæmdar eftir ofangreindum réttum mæliaðferðum 2019 verði notaðar og tekið mark á. Þar sem það er í fyrsta skiptið sem réttar mæliaðferðir

“Naturvárðsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor, NFS 2005:15” hafa verið notaðar við mælingar frá skotsvæðunum á Álfsnesi. Sömu mælingar og öll hin Norðurlöndin nota. Við munum aldrei setta okkur við það, að þessi skotsvæði fái starfsleyfi til tveggja ára með fólkskum og röngum mæliaðferðum sem enginn notar og ekki hægt að fá réttar niðurstöður úr. Í reglugerð starfsleyfis kemur fram að notast skal við nýjustu tækni við hljóðmælingar - Þið getið ekki haldið áfram að bjóða íbúum Reykjavík upp á þetta.

Guðmundur Lárusson

Svar: HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemi er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að gefa starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfis skilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

HER framkvæmdi einfalda rannsókn haustið 2020 til að svara 2 spurningum. og var önnur þeirra hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv reglugerð 724/2008 um hávaða. Sýndi þessi stutta rannsókn fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER lagt til í sínum tillögum að starfsleyfis skilyrðum að bannað sé að skjóta eftir klukkan 19:00.

Eins og kemur fram í athugasemdunum þá eru til aðrar og að mörgu leyti betri aðferðir til að mæla hávaða frá skotsvæðum og eru sænsku ráðleggingarnar (Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor) þar á meðal. Þó getur HER ekki notað erlendar reglugerðir sem ekki hafa verið inleiddar í íslensk lög eða reglugerðir í gerð starfsleyfis skilyrða.

Það er þó ljóst að hávaðinn frá svæðinu skv. mælingum Trivium sem er á bilinu 60-85 dBAI er yfir þeim mörkum sem settar eru fram í sænsku ráðleggingunum sem eru 70 dBAI að viðbættum 5 dBAI þar sem um haglabýssuvelli er að ræða. Því eru viðmiðunarmörkin í sænsku ráðleggingunum 75 dBAI og sýna niðurstöður Trivium að farið er yfir þau mörk á tveimur af þremur mælistöðum. Þær mælingar sem



framkvæmdar voru af HER sýna að hávaðinn fer yfir þau mörk sem sett eru fram í íslensku hávaðareglugerðinni á þremur af fjórum mælistöðum. Einnig sýna rannsóknir HER fram á að á öllum mælistöðum sé hávaðinn yfir leyfilegum mörkum milli klukkan 19:00 og 07:00. HER er sammála því að sú mæliaðferð sem Trivium beitir við rannsókn sína er góð og verði þessi aðferð innleidd í íslensk lög eða reglugerðir sér HER fram á þörf á endurskoðun starfsleyfisskilyrðanna.

14.

Greinargerð og athugasemdir vegna útgáfu starfsleyfis til rekstrar skotsvæðis sem Skotfélag Reykjavíkur (SR) hefur til umráða á Álfsnesi við Kollafjörð.

• **ALMENNT**

Á Álfsnesi er útiaðstaða félagsins þar sem æfingar og innlendar og alþjóðlegar keppnir eru haldnar, auk þess sem svæðið hefur verið notað til verklegra skotprófa vegna hreindýraprófa Umhverfisstofnunar og skotvopnanámskeiða Ríkislögreglustjóra. Mikill fjöldi félagsmanna auk utanfélagsmanna notar svæðið að staðaldri og eru félagsmenn SR í fremsta flokki afreksíþróttafólks í skotfimi á landinu og hafa keppt á Ólympíuleikum, Heimsmeistara-, Heimsbikar- og Evrópumeistaramótum á síðustu árum. Reiknað var með að svæði þetta á Álfsnesi yrði varanlegt skotsvæði Reykvíkinga til frambúðar. Leitað hafði verið að svæði í mörg ár þar til Álfsnesið fannst og ákveðið að eyða í það hundruðum milljóna til að gera það sem glæsilegast úr garði.

Félagið hefur þó fullan skilning á því að nýta þurfi Álfsnesið að hluta undir Sundabraut, iðnaðarhúsnæði eða hvað annað sem þolir þann vindstyrk sem þar getur orðið. Núverandi staðsetning getur samt sem áður vel gengið þó Sundabrautin liggi þar í gegn.

Ef finna þarf félaginu annað svæði innan borgarmarkanna til framtíðar leggjum við á það áherslu að félagið komi að þeirri leit nú þegar og að sú aðstaða sem félaginu stendur til boða verði að fullu uppbyggð áður en kemur að lokun á núverandi svæði þess á Álfsnesi.

• **BLÝ Í HAGLASKOTUM**

Blýmengun er þar talin töluverð þrátt fyrir að síðustu ár hafi nær eingöngu verið notuð stálhögl í skotum fyrir haglabyssur. Notkun á haglabyssuskotum sem innihalda blý er nú alfarið bönnuð. Samkvæmt upplýsingum innflytjenda þá hafa nánast eingöngu verið flutt inn haglaskot sem innihalda stál í stað blýs undanfarin 8-9 ár hið minnsta.

Fyrstu árin eftir opnun svæðisins var framboð á stálhöglum afar lítið en það breyttist fljótlega og verðið á þeim var þá töluvert lægra heldur en á blýskotum. Í þeirri haglabyssugrein sem við stundum hvað mest, Ólympískt Skeet, eru stálhögl fyllilega hæf þar sem færin eru mjög stutt. Blýskot draga lengra og hafa betri broteiginleika en eftir því sækjast keppendur í öðrum haglagreinum frekar.

Teljum við því að niðurstöður mælinga HER á notkun blýhagla gefi ekki rétta mynd af notkun slíkra skota á svæðinu í dag né til framtíðar. Í skýrslunni er dregin upp hringlaga rauðmerktir fletir sem eiga að sýna mengunarsvæðið. Þetta er afar villandi þar sem skotáttir eru eingöngu til norðurs. Í niðurstöðunni segir enn fremur að það geti valdið jarðvegmengun „ef haldið verður áfram að nota blýhögl“. Ekki kemur til slíks þar sem notkun blýskota hefur þegar verið bönnuð á svæðinu.

• **HLJÓÐVIST**

Niðurstöður hljóðmengunarmælinga norðanmegin við Kollafjörðinn voru þannig að hæsta jafngildishljóðstig mældist 53 dB við Skriðu/Stekk en lægsta við Móaberg, 44 dB. Svæðið norðanmegin við Kollafjörðinn er samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar skilgreint sem iðnaðarsvæði (landbúnaðarsvæði) þar sem leyfilegt hámark hljóðmengunar er 70 dB samkvæmt reglugerð nr. 724/2008. Mæld hljóðmengun er því vel innan við leyfilegt hámark miðað við skilgreiningu landnýtingar fyrir svæðið.

Í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins er hins vegar ekki farið eftir skilgreiningu Aðalskipulags svæðisins og í staðinn er svæðið norðan Kollafjarðar skilgreint íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæði þar sem hávaðamörkin eru við 45 dB á tímabilinu 19-23 og 50 dB kl. 07-19.

Í því sambandi skal það áréttað að ekki er um atvinnustarfsemi að ræða hjá okkur heldur fer þar fram íþróttastarf. Hávaðamörk fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum, sem eðlilegast væri að miða við, eru gefin upp í reglugerðinni fyrir tímabilið kl. 07-23 55 dB, og eru mælingar HER innan við það hámark.

Athyglisvert er að samkvæmt skýrslunni gekk illa að ná fram mælingum á skothvællum vegna umferðarniðs en samkvæmt sömu reglugerð um hávaða er hávaði frá umferð á íbúðarsvæðum t.d. leyfður 55 dB og 65 dB við íbúðarhúsnæði á blönduðum svæðum.



Annað sem vert er að upplýsa um er að hljóðdeyfar á rífflum draga niður hávaða við hlaupenda um sem nemur 22-32 dB og því má reikna með að hljóðmengun frá þeim verði ekki mælanleg handan Kollafjarðar og á Kjalarnesi.

Í ljósi þessara staðreynda eru engar forsendur til að takmarka notkun skotsvæðisins við tímabilið 10 til 19 eins og lagt er til í tillögum HER. Allar forsendur styðja því tillögur okkar um opnunartíma samkvæmt neðangreindri tillögu.

• OPNUNARTÍMI

Tillögur Heilbrigðiseftirlitsins um opnunartíma starfsemi félagsins á Álfsnesi í drögum að nýju starfsleyfi eru unnar út frá þessum hljóðmælingum og viðmiðum fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæði í staðinn fyrir iðnaðarsvæði. Gera þær ráð fyrir mun styttri opnunartíma en hefur hingað til verið inni í starfsleyfi svæðisins en samkvæmt tillögunum er leyfð opnun á svæðinu kl. 10-19 mánudaga til fimmtudaga og um helgar er aðeins leyfð opnun á laugardögum frá kl. 10-16.

Í ljósi þess að við rekum íþróttafélag sem stundar m.a. Ólympískar skotgreinar, er okkur bráðnauðsynlegt að halda svæðinu opnu eins mikið og kostur er til að iðkendur okkar geti haldið áfram að stunda íþróttina og halda áfram þeim góða árangri sem þeir hafa sýnt innanlands og utan. Iðkendur eru alla jafna í vinnu til kl. 17-18 alla daga en eiga svo margir hverjir frí um helgar, þannig að nauðsynlegt er að lengja opnunartíma virka daga sem og um helgar til að þeir geti nýtt sér aðstöðuna. Í fyrra starfsleyfinu var heimil opnun til kl. 22 virka daga yfir sumartímann og til kl. 18 á laugardögum. Við höfðum þó ávallt aðeins opið kl. 16-21 tvo til þrjá daga yfir sumartímann og til kl. 16 á laugardögum. Á vetrartíma hefur að mestu aðeins verið opið á laugardögum kl. 12-16.

Tillögur okkar:

- 4.1.1 Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-21 og um helgar 10-16 o Til vara: Mánudaga til föstudaga kl. 10-21 og á laugardögum kl. 10-18. Einnig er heimilt að færa laugardagsopnun yfir á sunnudaga ef hafa þarf lokað á laugardegi vegna veðurs.
- 4.1.2 Skotkeppnir eru leyfðar á sömu tímum og opnun segir til um. o Til vara: Skotkeppnir eru leyfilegar samkvæmt auglýstum mótaskráum laugardaga og sunnudaga kl. 10-16.
- 4.1.3 Ríffilskotfimi með hljóðdeyfum er leyfð allan sólarhringinn. o Til vara: Ríffilskotfimi er leyfð með hljóðdeyfðum mánudaga til sunnudaga kl. 10-22.

Eins og allir vita sem nálægt Álfsnesi koma er mjög algengt að loka þurfi svæðinu vegna hvassviðris. Vindhviður yfir 20 m/sek eru þar mjög algengar og höfum við t.d. haft þá reglu að ef vindstyrkur er yfir 15 m/sek þá lokum við. Við höfum haft heimild til að færa opnun yfir á sunnudag ef loka þarf á laugardegi.

• UMSÖGN SKIPULAGSFULLTRÚA

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er nefnt að ekkert deiliskipulag sé um svæðið en í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði. Í umsögninni er nefnt að Skotveiðifélag Reykjavíkur hafi haft svæðið til umráða en leiðrétt skal að um er að ræða íþróttafélagið Skotfélag Reykjavíkur í þessu sambandi.

Er þar jafnframt nefnt að fjöldi ábendinga hafi borist og að mikil óánægja sé með staðsetningu þess. Við teljum að sú óánægja sé ekki almenn og víðtæk. Þar sem þessi óánægja á að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins, teljum við nauðsynlegt að skoða þessar kvartanir í hnotskurn og frá hverjum slíkar kvartanir hafa borist og þá hvert. Við höfum ekki fengið eitt einasta erindi vegna þess frá því að við opnuðum svæðið.

Við mótmælum einnig þeim aðdróttunum sem felast í að skipulagsfulltrúi skuli leggja sérstaka áherslu á að svæðið verði vaktað sérstaklega af HER og misnotkun á opnunartíma geti leitt til riftunar á starfsleyfi. Með því er verið að leiða líkur að því að brotið hafi verið á gildandi leyfum.

• NIÐURLAG

Við trúum því og treystum að ráðamenn Reykjavíkurborgar sjái til þess að við Reykvíkingar sem stundum skotíþróttir höfum til þess aðstöðu til framtíðar. Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, eins og allir vita, stofnað þann 2. júní 1867.

Ljóst er að opnunartími sá sem lagður er til í tillögum HER er gjörsamlega óviðunandi og hefur veruleg áhrif á starfsemi félagsins, auk þess sem þær setja úr skorðum verkleg skotpróf vegna hreindýraprófa Umhverfisstofnunar og skotvopnanámskeiða Ríkislögreglustjóra.

Á Álfsnesinu væri hægt að búa þannig um hnútana að friður skapist um svæðið t.d. mætti hækka allar manir verulega og byggja jafnvel yfir ríffilvöllinn að hluta svo öllum hávaðamörkum sé fylgt. Allt sem þarf



er góður vilji og skilningur á mikilvægi þess að friður ríki um svæðið á 144 ára afmæli félagsins sem er þann 2.júní n.k.

Virðingarfyllst,

Stjórn Skotfélags Reykjavíkur

Svar: Rannsókn HER haustið 2020 var ætluð til að athuga hvort notkun blýhagla sé meiri en fram hefur komið áður. Ekki var farið í að rannsaka mengun á annan hátt en að staðfesta tilvist blýhagla og því ekki hægt að nota þessa skýrslu sem staðfestingu á mengun eða magni mengunar. Niðurstaða skýrslunnar gefur ekki endilega rétta mynd á hlutfall blýhagla sem notuð eru eða hafa verið notuð. Stálhöglin ryðga hraðar í náttúrunni og þar af leiðandi eru lýkur til að hlutfall blýhagla sé ofmetið við rannsóknina. Engu að síður var niðurstaða skýrslunnar að talsvert meira var af blýhöglum á svæðinu en HER gerði ráð fyrir. Hávaðamælingar voru framkvæmdar við íbúðarhúsnæði og þar af leiðandi notuð viðmiðunargildi fyrir íbúðarhúsnæði skv. reglugerð um hávaða. Þessi aðferð sem reglugerðin um hávaða gerir ráð fyrir er þó ekki heppilegasta aðferðin til að mæla hávaðamengun frá skotsvæðum þar sem aðrar aðferðir gefa betri mynd af hávaðamenguninni. HER getur þó ekki sett skilyrði skv. þeim þar sem þær hafa ekki verið innleiddar í íslenskt regluverk. En séu þessar aðferðir notaðar kemur önnur mynd upp og að hávaða mengunin sé mun meira íþyngjandi en íslenska reglugerðin gefur í skyn. HER stendur fast við ákvörðun sína að banna skot eftir kl 19 á haglabyssu völlum eins og fram kemur í drögum að starfsleyfisskilyrðunum. HER telur eðlilegt að gerðar séu mælingar á hávaða frá skotvöllum í fullri notkun og einnig samanburður íslenskra og sænskra mæliaðferða en margar athugasemdir hafa borist frá landeigendum og íbúum í nágrenni skotsvæðanna þess efnis. Mælingar HER sem nú liggja fyrir gefa ekki tilefni til að lengja opnunartíma skotsvæðisins. HER hafa ekki borist margar kvartanir undanfarin ár en HER er ekki kunnugt hversu margar kvartanir hafa borist til annarra stofnana. HER tekur undir athugasemdir Skotfélagsins um þær aðgerðir sem hægt er að framkvæma til að minnka hljóðmengunina frá starfseminni t.d. hækkan mana, byggja yfir velli og þess háttar.

15.

Reykjavík 13.02.2021

Athugasemdir v. útgáfu starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur (SR) frá íbúum og landeigendum við Esjurætur.

Óskað er þess að nöfn og heimilisföng undirritaðra komi hvergi fram, m.a. í fundargerðum, né verði deilt til annarra vegna persónuverndar

Íbúar og landeigendur við Kollafjörð gera athugasemdir við ætlaða útgáfu starfsleyfis S.R. á Álfsnesi til tveggja ára. Íbúar og landeigendur hafa látið í ljós óánægju sína með hávaða og fl. frá æfingasvæðinu árum saman bæði með tilkynningum og gegnum íbúaráð/hverfisráð. HER hefur að engu haft skrif íbúaráðs og íbúa en þrátt fyrir kvartanir var opnunartími skotsvæðanna lengdur 2015. Íbúar eru langþreyttir á aðgerðar- og svarleysi og sjá því ekki tilgang kvartana. Lögreglan hætti að taka á móti kvörtunum v. hávaða á seinni hluta ársins 2009. Því hættu íbúar kvörtunum til lögreglu. Íbúar hafa flúið og selt hús- og landeignir sínar á undirverði vegna hávaðamengunar.

Á íbúaráðsfundi Kjalarness sl. fimmtudag 11.02. segir starfsmaður HER að þau geti bara unnið eftir lögum og reglum. En ýmislegt er í lögum og reglum sem EKKI er unnið eftir. Það er rakið hér í þessu samhengi.

- Umsókn S.R. uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfisumsóknar. Sjá skjal 1. Sbr. 550/2018 6.gr. Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.o.s.frv. Ekkert er skráð í viðbótarupplýsingar um mótþægisaðgerðir v. hávaða og myndun og losun mengandi efna í umhverfi í starfsleyfisumsókninni.
- Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið, þar af leiðandi hefur aldrei farið fram umhverfismat né kynning fyrir hagaðila/grenndarsamfélag vegna starfseminnar. Upphaflega var ráðgert að svæðið væri til tímabundinna afnota til ársins 2020. Íbúar sætta sig m.a. vegna þessa ekki við skotvöllina áfram í 2 ár.
- Rannsóknarskýrsla HER 2020. (Skjal 2) Skotfélagi Reykjavíkur var veitt 1 árs starfsleyfi til mars 2021 og nota átti árið til rannsóknna á svæðinu. Rannsóknarskýrslan var kynnt eftir nokkrar ítrekanir á íbúaráðsfundi 11. 02. 2021 með fulltrúum HER en athugasemdafrestur rennur út 15.02.2021. Ljóst er að íbúar hafa haft lítinn tíma til athugasemda. Athyglivert er að þrátt fyrir



margítrekaðar athugasemdir HER í eftirliti (síðast í des. 2020) um rannsóknir á jarðvegsmengun sbr.

Hreinsun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. Frávik: samkvæmt starfsleyfisráðgjafunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Völlurinn hefur verið starfræktur í 15 ár. Fram kemur í skýrslunni að reiknað meðaltal hagla á fermeter á skotsvæði S.R. sé allt upp að 1700 stykki. Hlutfall blýhagla af heildarfjölda 47%. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum. Því er með öllu óskiljanlegt að enn hafi ekki farið fram mælingar á mengun í jarðvegi þegar rannsókn á hlutfalli blýhagla (sept 2020) er hærrí en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Upplýsingar þessar eru skráðar í eftirlitsskýrslum HER. Í þessarri frá 2017 er eftirfarandi haft eftir Guðmundi Kristni Gíslasyni framkvæmdastjóra S.R. Við haglabissuvelli er mól á skotvöllum. Hljóðmanir eru úr jarðvegi og grasi. Brot úr leirdúfum eru um allt – brotin eru ekki týnd upp heldur er leirinn látinn brotna niður. Yfirborðsefnið var ekki valið sérstaklega út frá hæfni þess til að binda þungmálma, (sbr. grein 2.1.1. í starfsleyfisráðgjafunum) en Guðmundur sagði að nú væri orðin mjög lítið um blýhögl, þau væru einfaldlega orðin það mikið dýrari en stálhögl. Talið er að högl lendi nær öll innan hljóðmana. Við skotsvæðin hefur verið komið föstum netum eða körfum undir skothylki. Völlum er lokað ef vindur fer yfir 15 m/s. Nú er nýkomin reglugerð nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi, þannig að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að fá óháðan aðila til að gera þessu nauðsynlegu rannsókn strax. Að framangreindu ætti að vera ljóst að S.R. er ekki treystandi til að hafa eftirlit með sjálfu sér.

Hávaði.

Í reglugerð um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er í 3.gr. 4.c er eftirfarandi: besta tækni: sú tækni sem er árangursríkust við að ná viðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild. Þegar skoðaðar eru hljóðmælingar úr rannsóknarskýrslunni og bornar saman við áður gerðar hljóðmælingar t.d frá 2007 ber mælingum ekki saman og er athyglivert að nú er ekki lengur mælt við sumarhús nálægt Móabergi sem þó hefur oftast mælt með hæstu hljóðgildin. (sjá skjal 3). Íbúar eru varla að kvarta yfir jafngildishljóðstigi Laeq, sem notað er við að mæla umferðarhávaða og þess háttar hljóðnið heldur yfir síendurteknum hljóðtöppum frá byssuskotum LCpeak sem mælast allt um og yfir 100 dB eða langt yfir hávaðamörkum við íbúðahús, frístundahús og útivistarsvæði. Mælingarnar eru til, en því miður er ekki viðmið í reglugerð um skotvelli á Íslandi. Þær eru þó til og notaðar t.d. í Svíþjóð sbr. Allmänna råd om buller från skjutbanor [till 2 kap. och 26 kap. 19 § miljöbalken] - Naturvårdsverket (naturvardsverket.se). Esjan og nágrenni hennar eru- kyrrlát svæði til útivistar í dreifbýli – á hávaði ekki að fara yfir 40dB skv. 724/2008 4.gr. Byssuskot eru ekki venjulegur hávaði heldur bæði ógnandi og kvíðavaldandi og á ekki heima hér í þessu umhverfi mönnum og dýrum til skaða í mörg undanfarin ár. Nú er komið nóg, því höfnum við áframhaldandi veitingu starfsleyfis S.R. til 2ja ára.

- Fjara, sjór og fuglar Ljóst er að talsvert magn skota hefur bæði lent í fjörunni og hafnað í sjónum. Þetta var ekki fullrannsakað í rannsóknarskýrslunni þrátt fyrir vitneskju og ábendingar. Lífríkið býður skaða af en í næsta nágrenni eru alþjóðlega mikilvægar sjófuglabýggðir m.a. í Lundey og í Akurey sem friðlýst var 2019.

<https://www.arcgis.com/apps/Shortlist/index.html?appid=90c81aae26c44f899668f6df336ef828>

Á svæðinu eru varpstöðvar Lunda sem er á alþjóðlegum valista.

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> Í erlendum rannsóknum er bent á alvarlegar afleiðingar þess þegar fuglar ætla að borða sand en það reynast vera högl og leiða þá til dauða. Í Bretlandi er þetta mikið vandamál. Bent er á að rífilskot geti náð í allt að 2ja km fjarlægð. Einnig er Kollafjörður skilgeindur sem “viðkvæmur viðtaki”. Ströndin var einnig hluti af ósnortinni strandlengju Reykjavíkur. Þrátt fyrir allt þetta hefur HER gert að tillögu sinni að S.R. fái áframhaldandi starfsleyfi til 2ja ára. Er ekki komið nóg? Hver og hvernig verður hreinsun háttáð? Lögin um mengun sjávar frá 1986 nr 32 taka þó af öll tvímæli: VI. kafli. Ábyrgð. 15. gr. Hver sá, sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands, ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.



16. gr. Ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, skal sá, sem bæri ábyrgð á menguninni, gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum.

- Eftirlitsskylda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í greinargerð með fyrirspurn Íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar 2021 (sjá skjal nr. 4)

Nr. 1 Sú breyting var að lengdur var opnunartími skotvallanna, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir íbúa um hávaða.

Nr. 2 Eflaust fór fram samráð og það til skjalfest. En hvað var framkvæmt?

Nr. 3 Nú er komin reglugerð nr. 1400/2020 og því ekkert að vanbúnaði til að framkvæma jarðvegsmælingar strax.

Nr. 4 Fram kemur endurtekið í eftirlitsskýrslum HER að leirdúfubrot (gætu innihaldið eitrefni) og skothlyki séu ekki hreinsuð af svæðinu. Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi grein 2.2.1. hefur því ekki fylgt.

Nr. 5 Þrátt fyrir 15 ára sögu S.R. á svæðinu og skýr ákvæði í lögum um mengun sjávar.

Nr. 6 Og... samt gerir HER tillögur að nýju starfsleyfi fyrir S.R.

Nr. 7 Er tilhlýðilegt af HER að gera tillögu að nýju starfsleyfi, þegar fyrri skilyrðum hefur ekki framfylgt?

Samantekt athugasemda v. ætlaðrar útgáfu starfsleyfis S.R. í Álfsnesi.

Eins og marg oft hefur komið fram eru íbúar og landeigendur orðnir langþreyttir á starfsemi skotvallanna og vísast til lista 40 undirskrifa sem afhentur var í des. 2019.

Með þessum rökum höfnum við ætluðu starfsleyfi til Skotfélags Reykjavíkur til 2ja ára.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, fyrir skotvöll í Álfsnesi í grein: (skjal 5)

1.4. kemur fram "að starfsleyfið skuli endurskoðað ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út" Nú þegar er staðfest í rannsóknarskýrslunni að notkun blýs er langt umfram það sem búist var við.....SAMT er stefnt að áframhaldandi starfsemi.

1.6 Margítrekaðar ábendingar um úrbætur í eftirlitsskýrslum HER eru hundsáðar ásamt því að reglur þær sem að framan greinir eru brotnar/ eða framhjá þeim gengið

2.1. Það er marktækt sannað að notkun blýhagla hefur farið langt fram úr því sem forsvarsmenn S.R. hafa sagt. Því er ekki treystandi að svo verði ekki áfram

2.2. Engar mælingar hafa farið fram á eitrefnamagni í leirdúfum og leirdúfubrot ekki hreinsuð af svæðinu þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar HER

3.1. Vísað til umsagnar hér að ofan um hávaða.

3.3. Fram til þessa hafa þær aðgerðir S.R. til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða litlu/engu breytt s.l. 13 ár sem fyrri starfsleyfi hafa sagt fyrir um.

4.1.2. hvernig á þetta ákvæði að virka? Eiga íbúar að fylgjast með heimasíðum skotfélaganna hvort það sé keppni eða ekki. Lágmark að tilkynning sé send með 14 daga fyrirvara á Facebook síðu –Kjalarnes-. En ítrekað er við höfnum starfsleyfinu til 2ja ára.

4.1.3. Algjörlega hafnað. Hver á að fylgja því eftir hvort skotin séu með riffli eða riffli með hljóðdeyfi nú eða haglabyssu. Þótt íbúar séu orðnir fullreyndir í skothljóðum er ekki til þess að ætlast að við kunnum nánari skil þar á.

5. Þetta hefur allt verið í fyrri starfsleyfum, en því miður lítið uppfyllt skilyrði.

6.1. Fram til þessa ekki uppfyllt skilyrði

6.2. Getur ??? Hvert á að tilkynna slíkt?

6.3. hefur verið uppfyllt.

6.4. Þetta er löngu fram komið ákvæði, en ekkert hefur verið gert.

6.5.á 5 ára fresti...???

Það er algjör krafa undirritaðra að ÁÐUR en ætlað nýtt starfsleyfi til S.R. komi til endanlegrar afgreiðslu verði framkvæmdar jarðvegsmælingar sbr. 1400/2020 af óháðum aðila og niðurstöður kynntar m.a.okkur. Að ætla að skv. 6.5. að fyrsta mæling skuli framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum EFTIR að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi er ótrúverðugt í meira lagi.

Að gerðar verði raunhæfar hljóðmælingar sem fari fram þegar nokkur starfsemi er á völlum, til að taka af allan vafa um mælingarnar og þær verði unnar af óháðum viðurkenndum aðila.

Við erum sammála umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skjal 6) að kanna þurfi til hlýtar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu í sátt við mannlíf, dýralíf og náttúru.



Við erum ekki á móti félögum í Skotveiðifélagi Reykjavíkur og óskum félaginu betri aðstöðu til æfinga, eins og öðrum íþróttafélögum, í meiri og betri sátt við umhverfið.

Skotvellirnar eiga ekki heima á Álfsnesi og hafa aldrei átt m.t.t. skipulags. Ýmiskonar mengun á landi og sjó, talsverð áhrif á íbúa, börn koma grátandi inn “byssumennirnir eru “. Hestafólk lendir í vandræðum v. skothvællanna. Óvelkomin áhrif á vinsælu annars kyrrlátu útivistarsvæði.

- video verður sent með emaili merkt “hávaðamengun”, en það er tekið við húsdýr milli hárra trjáa á iPhone og er algjörlega óklippið og óunnið. Aðallega sent til upplýsinga um viðvarandi hávaðamengun við íbúðahús síðustu 15 ár.

Virðingafyllst

Birgir Kárasón, Juliette Louste, Steinn Friðgeirsson, K. Linda Kristinnsdóttir, Maríus Jónasson, Otto B. Ólafsson, Þorbjörg Gígja, Marinella Arnórsdóttir, Ragnheiður J. Jónsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir, Anna Grétarsdóttir, Guðbergur Birkisson, Þengill Guðbergsson, Emma Egillsdóttir, Benjamín Guðbergsson, Sæunn Andrésdóttir, Sigurjón Hendriksson.

Svar: Allar kvartanir sem berast HER eru skráðar í skjalavistunarkerfi borgarinnar. Undanfarin ár hefur fjöldi kvartana sem borist hafa HER ekki verið mikill í samanburði við það sem sett er fram í innsendum athugasemdum. Þó skal tekið fram að kvartanir sem berast lögreglunni eru flestum tilfellum ekki áframsendar til HER.

HER veitir starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem kveðið er á í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir oft með ákveðnum skilyrðum. Staðsetning starfseminnar er ákvörðuð í skipulagi og HER tekur ekki afstöðu til þess hvort starfsemin er heimil eða ekki samkvæmt skipulagi heldur leitar umsagnar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur svo sem mælt er fyrir í gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 6 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð að því leyti að veita starfsleyfi til tveggja ára og þá með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum. HER setur starfseminni skilyrði, varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir sem eiga að lágmarka mengun og ónæði þá fremst í formi opnunartíma.

Þar sem starfsemi skotfélagsins er nánast óbreytt frá útgáfu fyrri starfsleyfis var umsókn Skotfélags talin fullnægjandi.

Í tillögum að nýjum starfsleyfisskilyrðum eru settar fram kröfur á hreinsun svæðisins við lokun eða flutning starfseminnar. Í þessum sömu starfsleyfisskilyrðum er einnig sett fram krafa um að innan 6 mánaða frá gildistöku starfsleyfisins að það sé framkvæmd rannsókn á þungmálmamengun. Þessa rannsókn skal síðan gera á 5 ára fresti.

Rannsókn HER haustið 2020 var ætluð til að athuga hvort notkun blýhagla sé meiri en fram hefur komið áður. Ekki var farið í að rannsaka mengun á annan hátt en að staðfesta tilvist blýhagla og því ekki hægt að nota þessa skýrslu sem staðfestingu á mengun eða magni mengunar. Niðurstaða skýrslunnar gefur ekki endilega rétta mynd á hlutfall blýhagla sem notuð eru eða hafa verið notuð. Stálhöglin ryðga hraðar í náttúrunni og þar af leiðandi eru líkur til að hlutfall blýhagla sé ofmetið við rannsóknina. Engu að síður var niðurstaða skýrslunnar að talsvert meira var af blýhöglum á svæðinu en HER gerði ráð fyrir.

Hávaðamælingar HER haustið 2020 var framkvæmt til að athuga hvort hljóðmengun fari yfir leyfileg mörk skv. reglugerð 724/2008 um hávaða. Hljóðmælingar fóru fram við Móaberg, Skriðu/Stekk, Esjuberg, Hvamm og í hlíðum Esjunnar. Mælingin er framkvæmd samkvæmt mæliaðferðum sem reglugerð 724/2008 um hávaða gerir ráð fyrir. Sýndi þessi stutta rannsókn fram á að hávaði fer yfir leyfileg mörk í reglugerðinni á kvöldin og því hefur HER lagt til í sínum tillögum að starfsleyfisskilyrðum að bannað sé að skjóta eftir klukkan 19:00.

Eins og kemur fram í athugasemdunum þá eru til aðrar og að mörgu leyti betri aðferðir til að mæla hávaða frá skotsvæðum og eru sænsku ráðleggingarnar (Naturvårdsverkets almännen råd om buller från skjutbanor) þar á meðal. Þó getur HER ekki notað erlendar reglugerðir sem ekki hafa verið innleiddar í íslensk lög eða reglugerðir í gerð starfsleyfisskilyrða.

Í reglugerð 724/2008 um hávaða kemur fram við hvað skal miða þegar hávaði er skoðaður en reglugerðin er ekki skrifuð með tilliti til skotsvæða né þeirrar dreifðu byggðar sem er til staðar þar sem hávaðinn er mestur frá skotsvæðunum. Það er mat HER að ekki sé hægt að miða við mörkin sem sett eru fyrir dreifbýli heldur hefur HER valið að miða við þau mörk sem sett eru fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum þó þau séu heldur ekki alveg lýsandi fyrir svæðið. Og eru þá mörkin 50 dBA á dagtíma og 45 dBA á kvöldin.

Lög um mengun sjávar frá 1986 voru felld úr gildi 2004 en samkvæmt núgildandi lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Samkvæmt 7. grein í lögum nr. 33/2004 skal hver sá sem veldur



mengun í mengunarlögsögu Íslands bera ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því tjóni sem rakið verður til mengunarinnar og ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleyfi valda öðrum.

Þó skal tekið fram að þessi lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda eingöngu fyrir starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum og gildir því ekki fyrir þá íprótta starfsemi sem stunduð er á Álfnesinu.

Í athugasemdunum er því haldið fram að opnunartími Skotféags Reykjavíkur hafi verið lengdur. Starfsleyfissskilyrðum Skotfélags Reykjavíkur, þar með talið opnunartímum hefur ekki verið breytt á síðasta leyfistímabili. Hinsvegar var opnunartíma annars skotfélags á svæðinu breytt til að samræma opnunartíma félaganna á svæðinu.

(1.4.) Rannsókn á mengun hefur enn ekki farið fram. Samkvæmt drögum að starfsleyfissskilyrðum skal sú rannsókn fara fram eigi að síðar en 6 mánuðum eftir að starfsleyfið tekur gildi og ef mengunin við þessa rannsókn mælist mikil getur þurft að endurskoða starfsleyfið. Rannsókn HER sem framkvæmd var haustið 2020 var ekki til að rannsaka magn eða útbreiðslu mengunar einungis að staðfesta tilvist blýhagla fyrir utan manirnar.

(1.6.) Þessi grein er ný í drögum að starfsleyfissskilyrðum og þar af leiðandi ekki verið notuð hingað til.

(2.1.) Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgja settum starfsleyfissskilyrðum. Félagið hefur þegar tilkynnt félagsmönnum sínum um bann á blýhögllum.

(2.2.) Rannsókn á mengun hefur enn ekki farið fram. Samkvæmt drögum að starfsleyfissskilyrðum skal sú rannsókn fara fram eigi að síðar en 6 mánuðum eftir að starfsleyfið tekur gildi. Með tilkomu reglugerðar nr. 1400 frá 2020 um mengaðan jarðveg eru nú til viðmiðunarmörk til að bera saman við væntanlegar niðurstöður þeirrar rannsóknar.

(3.3.) Með tilliti til að hávaðavarnir hafa ekki verið auknar og hávaði yfir leyfilegum mörkum á kvöldin hefur HER í drögum að starfsleyfissskilyrðum takmarkað opnunartíma Skotfélagsins á kvöldin í samræmi við niðurstöðu hávaðarannsóknar sem fram fór haustið 2020.

(4.1.2.) Ef íbúar eða íbúaráð og Skotfélag Reykjavíkur koma sér saman um einhvers konar tilkynningakerfi sem báðir aðilar eru sáttir við hefur HER engar athugasemdir við það en krafa HER er að keppnir skal tilkynna á heimasíðu félagsins og einnig til HER með minnst 14 daga fyrirvara.

(4.1.3.) Áður en hægt er að sækja um rýmri skottíma þarf að fara fram hávaðamæling sem sýnir að hávaðinn mælist lægri en 45 dBA.

(5.) Rekstraraðili ber ábyrgð á því að uppfylla skilyrði. Þessi gögn eiga að vera aðgengileg eftirlitsaðila.

(6.1.) Að undanskyldum leirðufum og forhlöðum í og við manirnar var umgengnin á svæðinu góð í eftirlitinu 2020.

6.2. Öllum er ávallt heimilt að senda inn kvartanir og er í því sambandi bent á netfangið heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is.

6.4. Ef niðurstöður mengunarrannsóknar sem fram skal fara innan 6 mánaða frá gildistöku starfsleyfisins leiðir af sér þörf fyrir hreinsun mengaðs jarðvegs á svæðinu og leggja þurfi nýjan jarðveg er mikilvægt að valið sé jarðefni sem bindur þungmálma.

4. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Gerðar voru 3 breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Opnunartími á laugardögum var í auglýstri tillögu frá 11-16 en breytt í 10-16 til að samræmis gæti miðað við aðra opnunartíma.

Eftir athugasemd sem gerð var á auglýsingatímanum bætt inn í skilyrðin bann við æfingar og keppnir á aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

Eftir athugasemd sem gerð var á auglýsingatímanum var bætt í skilyrðin að notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.

5. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis



Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Skotfélags Reykjavíkur tekin fyrir á 1519. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 11.3.2020 og samþykkt að gefa úr starfsleyfi fyrir starfsemina til 2 ára.

6. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 11.03.2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 11.03.2021 til 10.03.2023.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili skal sjá til þess að hávaði frá starfseminni við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 50 dB(A) samanber reglugerð 724/2008 um hávaða.
- 3.2 Nota skal hljóðdeyfa þegar því verður viðkomið.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.4 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum og 10 -19 á laugardögum og sunnudögum. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.
 - 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir riffla úr riffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir riffla með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 5.1.3 Fjölda riffilskota sem innihalda blý á ári.Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Allmenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.



- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skoðhylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Á fimm ára fresti skal mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Fyrsta mæling skal framkvæmd í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að starfsleyfisskilyrði þessi taka gildi. Mælist gildi þungmálma (antimon, arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, blý, mólýbden, nikkell, tin, vanadíum, og sink) yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámarksgildi fyrir landnotkun atvinnusvæðis (skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg) skal tafarlaust tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um mögulegan mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.